



Þjónustuafgangur á þriðja ársfjórðungi dróst saman um 20 ma.kr.


Þjónustuútflutningur á þriðja fjórðungi ársins nam 222,6 mö.kr. og dróst saman um 26 ma.kr. á milli ára, eða 10,4%. Þjónustuinnflutningur nam hins vegar 121,3 mö.kr. og dróst saman um 3,9 ma.kr. á milli ára, eða 3,1%. Þjónustujöfnuður var því jákvæður um 101,3 ma.kr. sem er um 22,1 ma.kr. eða 17,9% minni afgangur en á sama tíma í fyrra.

Minni afgangur nú skýrist því einungis af miklum samdrætti í þjónustuútflutningi. Þann samdrátt má fyrst og fremst rekja til samdráttar í útflutningi ferðaþjónustu sem nam 24,7 mö.kr., eða 12,7%. Einnig varð töluverður samdráttur í tekjum vegna notkunar á innlendum hugverkum erlendis en hann nam 12 mö.kr., eða 85%. Þessi liður hefur reynst verulega sveiflukenndur á síðustu árum. Þetta er minnsti afgangur af þjónustujöfnuði á þriðja ársfjórðungi síðan árið 2015 þegar hann nam 93,3 mö.kr.


Ferðaþjónustan dregst saman

Erlendum ferðamönnum fækkaði um 16,8% á þriðja fjórðungi borið saman við sama fjórðung í fyrra. Þetta er annar ársfjórðungurinn sem WOW air nýtur ekki við en félagið fór í prot í lok mars. Fækkun ferðamanna á öðrum ársfjórðungi var 19,2% en hún nam 4,7% á fyrsta fjórðungi. Með sífellt minni vexti í komum erlendra ferðamanna á síðustu misserum hefur vöxtur í útflutningi ferðalaga einnig farið minnkandi. Útflutningur vegna ferðalaga á þriðja fjórðungi dróst saman um 3,7% á milli ára en mun meira, eða 13,1%, á föstu gengi krónunnar. Meiri samdráttur mælt á föstu gengi krónunnar skýrist fyrst og fremst af veikingu krónunnar milli ára en gengisvísitalan var 10,8% hærri á þriðja fjórðungi nú en á sama tíma í fyrra.

Inn- og útflutningur þjónustu og jöfnuður á 3F



% Fjölgun ferðamanna og útflutningur ferðalaga





Tekjur af farþegaflutningum drógust saman um 36%

Tekjur af farþegaflutningum drógust saman um 36% á þriðja fjórðungi sé miðað við fast gengi krónu og var það fjórði fjórðungurinn í röð sem samdráttur mælist í farþegaflutningum á þann mælikvarða. Samdrátturinn nam 26,1% á fyrsta fjórðungi í ár og 29% á öðrum fjórðungi. Tekjur af útflutningi ferðalaga drógust saman um 13,1% á þriðja fjórðungi mælt á föstu gengi krónunnar. Þessi samdráttur kom í kjölfar 11,2% samdráttar á öðrum fjórðungi og er þetta þriðji samdráttarfjórðungurinn í röð.

Farþegaflutningar höfðu mestu áhrifin


Sé litið til breytingar í útflutningi á þjónustu á þriðja ársfjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra sést að útflutningur í heild sinni dróst saman um 26 ma.kr. Það voru fyrst og fremst tveir liðir sem leiddu til þess að útflutningurinn dróst saman, annars vegar farþegaflutningar og hins vegar tekjur af innlendum hugverkaréttindum. Farþegaflutningar höfðu þó mun meiri áhrif en samdrátturinn í þeim lið var 20,1 ma.kr. samanborið við 12 ma.kr. samdrátt í hugverkaréttindum. Þrír liðir studdu við aukinn útflutning. Útflutningur í fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónustu jókst um 3,7 ma.kr., eða 45,8% milli ára. Útflutningur annarrar viðskiptaþjónustu jókst um 3,5 ma.kr., eða 34,3%, og útflutningur samgangna og flutninga án farþegaflutninga jókst um 1,8 ma.kr., eða 12,4%.

Brottförum Íslendinga ekki fækkað jafn mikið síðan í hruninu

Langumsvifamesti innflutningur til landsins í formi þjónustu eru ferðalög Íslendinga erlendis. Þessi liður var 43% af heildarinnflutningi þjónustu á síðasta ári og hafði farið hækkandi árin þar á undan, en hlutfallið var t.d. 31% árið 2014. Ferðalög Íslendinga hafa aukist verulega á síðustu árum samfara auknum uppgangi hér á landi, lægra flugmiðaverði og styrkingu krónunnar sem hefur aukið kaupmátt Íslendinga erlendis. Ákveðin breyting varð á þessu á fyrsta fjórðungi þegar brottförum Íslendinga fækkaði um 8,5% miðað við sama tímabil í árið áður. Það var í fyrsta skiptið síðan á fyrsta ársfjórðungi 2014 sem brottförum fækkaði. Fækkunin nú á þriðja ársfjórðungi nam 12% og er þetta mesta fækkun brottfara Íslendinga síðan á þriðja ársfjórðungi 2009. Þessi fækkun


Hagsjá

Breyting í útflutningi ferðabjónustu




Breyting á 12 mánaða grundvelli á föstu gengi
Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting í útflutningsverðmæti þjónustuútflutnings á 3F



Breyting milli ára. Sýnir þá 3 liði þar sem útflutningsverðmætið annars vegar jókst mest og hins vegar þar sem það dróst mest saman
Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun brottfara og útgjalda til ferðalaga



Breyting á 12 mánaða grundvelli.
Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



brottfara hefur leitt til þess að vöxtur í innflutningi ferðalaga hefur minnkað í samanburði við vöxt síðustu missera. Vöxturinn í innflutningi ferðalaga nam 5,4% á þriðja ársfjórðungi en sé vöxturinn settur á fast gengi krónu var hann neikvæður um 4,9%.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.